

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur yfirfasteignamatshnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Mosfellshreppi) hækki matsverð íbúðarhúsnæðis um 78% og verði framreikningsstuðull að því leyti 1.78.
2. Allar aðrar fasteignir, þar með taldar lóðir íbúðarhúsa, hækki um 65% og verði framreikningsstuðull að því leyti 1.65.
3. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.

Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatshverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1981, ásamt síðari breytingum og leiðréttingum, ákveðnum af hálfu Fasteignamats ríkisins og yfirfasteignamatshnefndar.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar, er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum, svo sem við endurskoðun á eldri mötum og vegna úrskurða á kærnum, er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1982.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 643 frá 12. nóvember 1981.

Fjármálaráðuneytið, 26. nóvember 1982.

Ragnar Arnalds.

Gunnlaugur Claessen.